



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Unglingalandsmóts UMFÍ
Laugum, Suður Þingeyjarsýslu
4. ágúst 2006**

Ágætu ungmennafélagar,
keppendur, fjölskyldur,
Þingeyingar og aðrir góðir gestir

Í ágústbyrjun halda þúsundir Íslendingar á hátíðir vítt og breitt í byggðum landsins og margir hafa áhyggjur af freistingunum sem þar kunna að bíða ungmennanna, bera ugg í brjósti um að eitthvað illt kunni að henda; foreldrar, fjölskyldur og vinir eru áhyggjufull.

Hér er ástæðulaust að leiða hugann að slíku. Hér býður ungmennahreyfingin til íþróttaveislu, fjölskylduhátíðar þar sem heilbrigði og hollusta eru í öndvegi sett. Allir gera sér glaðan dag með þátttöku í góðri keppni eða með því að hvetja keppendur til að leggja sig fram.

Landsmótið er kröftugur vitnisburður um uppeldisstarfið sem ungmennafélögin kappkosta að efla, vettvangur þar sem ögun og þjálfun skila margháttaðum ávinningi, fyrirheit um ógleymanlega gleðidaga.

Landsmótið er líka árétting, áminning um að samverustundir við heilbrigða iðju gefa okkur veganesti alla ævi, eru öflug forvörn þegar hættur steðja að ungu fólki úr mörgum áttum.

Það er margþættur boðskapur í því fólgin að um helstu ferðahelgi ársins séum við hér saman komin, kölluð til leiks af UMFÍ.

Laugar í Þingeyjarsýslu eru kjörinn staður fyrir slíka hátíð; sögufrægt menntasetur, uppeldisstöð, hátíðarvettvangur Þingeyinga um langan aldur, héraðs sem á einstæðan sess í sjálfstæðisarfí Íslendinga, sýslunnar sem var brautryðjandi í framfararsókn þjóðarinnar, gaf öðrum kjark til að brjótast úr fátækt til betri efna.

Ungmennahreyfingin var í fararbroddi þegar þjóðin lagði grunn að samfélagsgerð sem síðar skipaði okkur í fremstu röð meðal þjóða heims; samfélagsgerð sem byggir á ræktun lands og lýðs og hefur samstöðu og samkennd gagnvart öllum að leiðarljósi.

UMFÍ hefur verið og er sannkölluð þjóðarhreyfing með djúpar rætur um landið allt, samofin baráttu, sigrum og árangri Íslendinga.

Æskulýðsstarf, íþróttir, þjálfun og þroski unga fólksins eru fjárfesting í framtíðinni, grundvöllur að forvörnum og heilbrigðu lífi, framlag sem kemur þjóðinni vel og ætti að launa ríkulega.

Hún er fjölmenn sveit unga fólksins sem á mótum UMFÍ hefur skarað framúr og mörg eru metin sem sett hafa verið á keppnisvöllum um landið allt.

Það segir mikla sögu um uppeldi og þjálfun sem ungmennahreyfingin hefur veitt að Íslendingarnir tveir sem staðið hafa á verðlaunapalli Ólympíuleika fyrir afrek í frjálsum íþróttum hafa bæði átt því láni að fagna að vera fósturuð af ungmennafélögum á fyrstu árum síns keppnisferils.

Vilhjálmur Einarsson og Vala Flosadóttir voru heimamenn á slóðum UMFÍ, sönnun þess að ungmennahreyfingin hefur verið og er enn sá vettvangur sem færir Íslendingum afreksfólk í sérflokk, afreksfólk á mælikvarða heimsins alls og veitir þúsundum um leið tækifæri til þjálfunar og þátttöku í þroskandi starfi.

Hver veit nema hér á Laugum muni um þessa helgi koma fram á keppnisvöllinn ungmenni sem líkt og Vilhjálmur og Vala eiga eftir að standa á heimsfrægum verðlaunapalli með sigurförum um háls.

Ævintýrin um Vilhjálms og Völu byrjuðu einmitt svona, á mótum sem UMFÍ efndi til og slík ævintýri geta aftur gerst.

Það er okkur Dorrit ánægja og heiður að vera með ykkur hér í dag og verða vitni að keppnisvilja og samstöðunni, boðskapnum um hollt og heilbriggt líf sem jafnan einkennir þessi mót.

Megi allir ganga hér glaðir til leiks og þótt ekki geti sérhver keppandi unnið munum við saman eignast hér dýrmætan sjóð minninga og góðrar reynslu.

Til hamingju með glæsilegt mót, til hamingju UMFÍ og Þingeyingar, til hamingju keppendur og fjölskyldur ykkar.